
11. stjórnarfundur Leiknar, föstudaginn 9. febrúar 2007, kl. 09:00 – 11:00.
Haldinn í húsnæði Mímis-símenntunar að Skeifunni 8 í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda og lúkning einstakra dagskrárliða, m.a. tilnefning í Landsskrifstofu menntaáætlunar.
2. Tilnefning fulltrúa á vinnufund vegna endurskoðunar á menntastefnu Reykjavíkurborgar.
3. Minnisblað hóps um endurskoðun samþykka Leikar.
4. Norrænu tengslaneti um formlega fullorðinsfræðslu, sbr., erindi Bjargar Árnadóttur 31. janúar 2007.
5. Fundur Norrænu fullorðinsfræðslusamtakanna og fundur þeirra með fulltrúum frá Eustrasaltsríkjunum í Tallin 11. – 12. janúar 2007. Fundargerð og framganga fundarins.
6. Upplýsingar um fund með skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn (Nordisk Ministerráds Sekretariat i København) 16. janúar 2007.
7. Árgjald EAEA 2007.
8. Málefni ICAE.
9. Norrænn vinnufundur um "Voksenopplæring og bítand", sbr., tölvubréf 30.1.2007.
10. Mannaskipti hjá Mennt og niðurstöður framhaldsaðalfundar Menntar 30. janúar 2007
11. Tölvubréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 8.2.2007, með boð um að senda fulltrúa á fund Helsinki, 22. - 23. febrúar n.k.
12. Hvað nú? Félagfundur, aðalfundur eða hvað.
13. Önnur mál.

Mætt voru Birna Gunnlaugsdóttir, Emil Björnsson, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson.

1. Fundargerðir síðustu funda.

Farið var yfir fundargerðir síðustu funda og lúkningu einstakra dagskrárliða. Rætt var um að útsendingu fundargerða til aðildarfélaga og leggur stjórnin áherslu á að fundargerðir verði nú jafnóðum sendar út til aðildarfélaga. Jafnframt verði þeim bent á heimasíðu samtakanna og gefið aðgangsorð að henni. Fundargerðir verði einnig sendar til deildarstjóra símenntunardeildar menntamálaráðuneytisins.

Tilnefndir voru að hálfu Leiknar til að sitja í stjórn Landsamtaka menntaáætlunar Evrópusambandsins, sbr. 6. dagskrárlið 10. fundargerðar frá 20. desember 2006: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, aðalfulltrúi og varafulltrúi Emil Björnsson, verkefnastjóri og ráðgjafi Þekkingarnets Austurlands. Deildarstjóra símenntunardeildar menntamálaráðuneytisins hefur verið tilkynnt um tilnefninguna.

2. Tilnefning fulltrúa á vinnufund vegna endurskoðunar á menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Lagt var fram bréf frá menntaráði Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir að Leikn tilnefni þrjá fulltrúa úr Reykjavík, til að taka þátt vinnufundi til endurskoðunar menntastefnu Reykjavíkurborgar sem var haldinn fimmtudaginn 4. janúar 2007. Leikn tilnefndi í vinnuhópinn með netsamskiptum þær Huldu Ólafsdóttur hjá Mími símenntun, Maríu Hildipórsdóttur hjá Fjölmennt og Hildi Elínu Vignir hjá Iðunni fræðslusetri.

3. Minnisblað hóps um endurskoðun samþykktar Leikar.

Lagt fram minnisblað frá starfshópi sem kjörinn var til að endurskoða samþykktir Leiknar, 4. dagskrárlið 9. fundar frá 18. september 2006 og 4. dagskrárlið 10. fundargerðar 20. desember 2006. Hópurinn leggur til að 5. gr. í samþykktinni, Réttur til aðildar og úrsögn, verði breytt þannig að fræðsludeildir geti fengið aðild jafnvel þótt starfsemi stofnunar eða aðila sé ekki fyrst og fremst fræðsla.

Stjórnin tók undir framkomna tillögu en leggur til að að greinin breytist þannig að við hana bætist; “Einnig geta orðið aðilar fræðsludeildir aðila sem starfa á ofangreindaum grunni”. Eftir breytingu myndi greinin hljóða svo:

“Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar, eða frjáls félagasamtök sem hafa það megin hlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðar rekstrareiningar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta orðið aðilar fræðsludeildir aðila sem starfa á ofangreindaum grunni.”

Þá ræddi starfshópurinn um hvort seti ætti inn ákvæði um að stjórnarfolk sem hyrfi af vettvangi fullorðinsfræðslunnar ætti að víkja úr stjórn. Óskaði hópurinn eftir að þetta atriði yrði nánar rætt á stjórnarfundum.

Stjórnin ræddi þetta atriði og taldi eðlilegt sé að stjórnarmaður segi af sé eigi síðar en á næsta aðalfundi.

4. Norrænu tengslaneti um formlega fullorðinsfræðslu.

Lagt fram erindi Bjargar Árnadóttur, forstöðumanni Námsflokka Reykjavíkur, 31. janúar 2007, þar sem hún greinir frá því að hún sitji í norrænu tengslaneti um formlega fullorðinsfræðslu. Björg óskar eftir að hún fái að sitja í tengslanetinu á vegum Leiknar.

Leikn hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að auka við starfssemi sína og getur því ekki orðið við erindi Bjarga Árnadóttur um fjárhagslegan stuðning. Mörg tengslanet eru á vegum NVL sem Íslendingar taka þátt í og leggur stjórn Leiknar áherslu á að fulltrúar aðila taki þátt í því sem og öðru erlendu samstarfi á kostnað eigin stofnana eða fyrirtækja. Stjórnin er hinsvegar tilbúin að vera faglegt bakland Bjargar Árnadóttur í þessu verkefni sem og umræðuvettvangur. Formanni var falið að svara erindinu.

Í framhaldi af erindi Bjargar spunnust umræður um fjölþætt norrænt samstarf á vegum NVL sem og um hlutverk Leiknar í því samhengi. Ákveðið var að óska eftir fundi með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur, fulltrúa NVL á Íslandi til að fá kynningu á nefndu samstarfi.

Lið nr. 5 og 6 í fundarboði var frestað.

6. Árgjald EAEA 2007.

Lagður var fram reikningur frá EAEA vegna árgjalds 2007. Reikningurinn er að upphæð 900 evrur. Fram kom að Leikn er aðili nr. 62 að samtökunum. Gjaldkera var falið að greiða reikninginn.

Lið nr. 8 og 9 í fundarboði var frestað

7. Mannskipti hjá Mennt og niðurstöður framhaldsaðalfundar Menntar 30. janúar 2007

Í byrjun árs 2007 lét Aðalheiður Jónsdóttir af starfi sem framkvæmdastjóri Menntar. Stjórn þakkaði Aðalheiði fyrir gott samstaf og bauð Arnbjörn Ólafsson, arftaka hennar í starfi, velkominn til starfa.

Þar sem niðurstöður framhaldsaðalfunar Menntar þann 30. janúar s.l. voru að starfsemi Menntar verði skerft verulega og að Mennt muni ekki í næstu framtíð hafa starfsfólk á launum, var rætt um möguleika á því hverjir gætu tekið við þeim verkefnum sem Leikn samdi við Mennt um að sinna. Nokkrum möguleikum var velt upp til frekari umræðu.

8. Tölvubréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 8.2.2007, með boð um að senda fulltrúa á fund Helsingi, 22. - 23. febrúar n.k..

Málin voru rædd og samþykkt að Guðjónína Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, yrði fulltrúi Leiknar á fundinum. Formanni var falið að svara erindi ráðuneytisins.

9. Önnur mál.

Breytingar á stjórn.

Jóhanna Arnórsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Framvegis - miðstöðvar um símenntun, hefur formlega sagt sig úr stjórn Leiknar sem varamaður.

Þá óskaði Birna Gunnlaugsdóttir eftir því að Emil Björnsson, varamaður í stjórn sæti stjórnarfundum sem aðalmeður í hennar stað fram að næsta aðalfundi, þar sem hún hefur horfið til starfa á öðrum vettvangi en fullorðinsfræðslu.

Eftirtöldum fimm dagskrárliðum var frestað til næsta stjórnarfundar:

- Fundur Norrænu fullorðinsfræðslusamtakanna og fundur þeirra með fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum í Tallin 11. – 12. janúar 2007.
- Fundur með skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn 16. janúar 2007.
- Málefni ICAE.

- Norrænn vinnufundur um "Voksenopplæring og bítand", sbr., tölvubréf 30.1.2007.
- Hvað nú? Félagssfundur, aðalfundur eða hvað?

Fundi slitið kl. 11:00

Birna Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð.

Verkefni framundan:

- Útsending fundargerðarinnar til aðildarféлага og verði þeim um leið bent á heimasíðu samtakanna og gefið aðgangsorð að henni.
- Formanni var falið að tilkynna tilnefningu Leiknar í stjórn Landsamtaka menntaáætlunar Evrópusambandsins til deildarstjóra símenntunardeildar menntamálaráðuneytisins
- Formanni var falið að svara erindi forstöðumanns Námsflokka Reykjavíkur.
- Formanni var falið að svara erindi menntamálaráðuneytinu, um að senda fulltrúa á fund Helsinki, 22. - 23. febrúar n.k.
- Óska eftir fundi með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur, fulltrúa NVL á Íslandi til að fá kynningu á starfi NVL.
- Kannaðir verði möguleikar á því hverjir gætu tekið við þeim verkefnum sem Leikn hefur samið við Mennt um að sinna.